

Reykjanesbær  
Kjartan Már Kjartansson  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 12. maí 2017  
Tilvísun: 201701124 / 5.0

---

### Efni: Mannvirki á lóð United Silicon í Helguvík

---

Skipulagsstofnun sendi Reykjanesbær bréf, dags. 31. jan. sl., þar sem óskað var upplýsinga um byggingarleyfi sem veitt hafa verið fyrir mannvirki á lóð United Silicon, samræmi mannvirkja við útgefin leyfi og skýringa ef um er að ræða frávik eða ósamræmi við það fyrirkomulag og umfang mannvirkja sem lýst er í matsskýrslu vegna framkvæmda United Silicon. Þá var óskað eftir upplýsingum um samræmi mannvirkjanna við deiliskipulag iðnaðarsvæðisins í Helguvík, sérstaklega hvað varðar hæð, umfang og staðsetningu mannvirkja á efri stalli lóðar United Silicon.

Svar barst frá Reykjanesbær 5. apríl sl. Í því er samanburður á umfangi mannvirkja eins og þeim er lýst í töflu 2.1 í matsskýrslu fyrir kísilver United Silicon og þeim byggingarleyfum sem liggja fyrir. Fram kemur sá skilningur Reykjanesbæjar að mannvirki sem byggð hafa verið séu í samræmi við gildandi deiliskipulag og að deiliskipulagsbreytingin frá 2015 hafi verið ígildi tilkynningar um frávik frá matsskýrslu.

Á fundi sem haldinn var með fulltrúum frá Reykjanesbær 25. apríl sl. gerði Skipulagsstofnun athugasemd við ofangreinda túlkun Reykjanesbæjar að framkvæmdir á lóðinni séu allar í samræmi við deiliskipulag. Samkvæmt skilmálum deiliskipulags iðnaðarsvæðis í Helguvík er hámarkshæð bygginga á efri stalli lóðar United Silicon 25 m, en loftsiunarhús fer rúma 5 metra yfir þau hæðartakmörk og þökkunarhús rúma 13 metra. Upplýsingar hafa ekki komið fram um það hvort byggingar á lóðinni eru innan byggingarreita samkvæmt deiliskipulagi. Í fréttum RÚV hefur síðan komið fram að Reykjanesbær viðurkennir að hluti mannvirkja á lóðinni er ekki í samræmi við deiliskipulag.

Skipulagsstofnun áréttar jafnframt að samþykkt mannvirki á efri stalli lóðar United Silicon eru ekki í samræmi við það sem kynnt var í matsskýrslu fyrir verksmiðjuna, hvað varðar umfang, gerð og ásýnd. Stofnunin bendir á að deiliskipulagsbreyting getur ekki komið í stað tilkynningar á breyttum framkvæmdaformum samkvæmt tl. 13.02, sbr. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Af gögnum deiliskipulagsbreytingarinnar sem var samþykkt árið 2015, var auk þess ekki hægt að ráða að framkvæmdir á lóðinni yrðu öðruvísi en lýst hafði verið í matsskýrslu.

Skipulagsstofnun minnir á þá skyldu Reykjanesbæjar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, skipulagslögum og lögum um mannvirki að ganga úr skugga um að framkvæmdir séu bæði í samræmi við þau gögn sem álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar byggir á og gildandi skipulagsáætlanir. Stofnunin fær ekki annað séð en að sveitarfélagið hafi vanrækt þessa skyldu og gefið út leyfi sem uppfylla ekki skilyrði framangreindra laga. Það er ámælisvert.

Skipulagsstofnun hefur samkvæmt 4. gr. skipulagslag aeftirlit með framkvæmd þeirra laga. Sama á við varðandi lög um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 4. gr. þeirra laga. Stofnunin hefur hins vegar engin úrræði lögum samkvæmt til að bregðast frekar við málum af þessu tagi. Stofnunin beinir hinsvegar þeim tilmælum til sveitarfélagsins að taka þegar til endurskoðunar umrætt deiliskipulag sem og að bæta verklag við afgreiðslu leyfisumsókna.



Ásdís Hlökk Theodórsdóttir



Málfríður K. Kristiansen

Afrit:

United Silicon

Umhverfisstofnun

Hjálagt:

Erindi Skipulagsstofnunar til United Silicon dags. 12. maí 2017